

29.sept 2010

## Minnisblað

### Slökkvidæla fyrir sveitabæi

Slökkviliðin í Vesturbyggð og Tálknafirði ásamt Guðjóni Bjarnasyni bónda í Hænuvík gerðu tilraun með slökkvidælu fyrir Hænuvík og nágrenni sem tengd er dráttarvél. Samstarfsaðilar eru Sjóvá, Vökvatæki ehf og Ólafur Gíslson hf.

Keypt var dæla frá Vökvatækjum ehf. sem er sett aftaná aflúrtak dráttavéla. Að henni er 8 metra sogbarki og frá henni eru þrjár 30 metra slöngur (samtals 90 metrar) og brunastútur. Dælan er einföld í notkun og þarf einungis að smokra henni upp á aflúrtakið, festa keðju út í beisli, tengja slöngurnar og þá er hún tilbúin til notkunar.

Hænuvík er í 48 km fjarlægð frá Patreksfirði og helmingurinn af leiðinni er lélegur malarvegur. Slökkviliðið er því góðan tíma á leiðinni ef upp kemur eldur eins og á mörgum öðrum stöðum í sveitinni. Í Hænuvík er fjárbú ásamt ferðaþjónustu sem leigir út 3 hús.

Með þessari dælu geta ábúendur byrjað slökkvistarf og slökkt alla minni elda sem upp koma eða haldið eld í skefjum þangað til frekari aðstoð berst. Þannig má hugsa sér að hægt sé að verja samliggjandi hús og mikil verðmæti.

Á jörðinni er skurður þar sem alltaf er hægt að komast í nægt vatn fyrir dæluna og 90 metrar af slöngu duga til þess að ná að öllum húsum á jörðinni. Það tekur rétt um 2-4 mín. að setja dæluna við traktor og byrja slökkvistarf.

### **Hugmyndin**

Þessi dæla verður staðsett í Hænuvík og nýtist þar ásamt því að nýtast í Kollsvík og inn í Örlygshöfn. Dráttarvél er nær alltaf til taks í Hænuvík og er sennilega jafn fljótlegt að aka henni inn í Örlygshöfn eins og fyrir slökkviliðið að mæta þangað.

Með dælunni verður ekki slökkviliðsbúningur né reykkiöfunartæki. Það er gert með vilja, til þess að sá sem sprautar og berst við eldinn fari ekki of langt inn í eldinn. Það eru einungis þjálfaðir reykkaftarar sem fara inn í brennandi hús til þess að slökkva elda og þá aldrei færri en tveir saman.

### **Einungis er því um utanhúss slökkvistarf að ræða.**

Vonandi sjá bændur sér hag í því að nota dæluna í önnur verkefni. T.d. vökvun, uppðæling á vökva, hreinsun á tækjum, sem og öðrum húsum og búnaði.

## **Prófun á dælu**

Dælan var prófuð við þær aðstæður sem líklegast er að hún verði notuð. Soghæðin var um 1 metri og það tók innan við 30 sek að ná upp vatni. Kastlengdin var rétt yfir 20 metrar með beinni bunu. Stúturinn skilaði sínum 150 lítrum og auðvelt var að stjórna honum.

Dælan er létt í snúningi og auðvelt fyrir allar gerðir traktora að knýja hana. Auðvelt var að stilla upp öllu saman. Eina sem mætti setja út á er, það þarf sexkant til þess að festa dæluna á aflúrtakið en ekki splitti eins og á hefðbundnum drifsköftum. Það hins vegar lengir tímann ekkert sem nemur.

Í þeim skurði sem dælan var prófuð í er gróður og sogaðist hann að nokkru leiti að síunni ef sían lá við bakkann, það minkaði samt ekki sjáanleg afköst dælnnar. Hentugra er samt að setja bastkörfu utanum síuna til þess að verja fyrir gróðri.

Það þarf smá lagni við að rúlla 30 metra slöngu saman svo vel sé og eftir er að skoða hvort kaupa eigi vindu eða annan búnað til þess að geyma slöngurnar í.

Þegar lokað er fyrir stút á fullum þrýsting, er kúpling sem gefur eftir inni í dælunni. Hentugra er að hafa smá opið fyrir stút til þess að reyna ekki um of á kúplinguna þangað til slegið er af.

## **Kostnaður**

Samtals kostar pakkinn um 370 þús. Þá eru allir smáhlutir teknir með svo sem lykklar á slöngur og fleira. Skoða þarf með grind eða vindu fyrir slöngurnar í framtíðinni.

## **Niðurstaða**

Dælan mun nýtast vel er upp kemur eldur og er auðveld í notkun.

Skynsamlegt er að koma upp slíkum dælum sem víðast á sveitabæjum þar sem langt er í slökkvilið. Með þessu geta bændur byrjað slökkvistarf og ef eldur uppgötvast á byrjunarstigi þá eru verulegar líkur á að náist að ráða við hann.

Dælan er mun léttari og auðveldari í notkun heldur en núverandi dælur (Klimax) Við Klimax dælu þarf helst 4 menn til þess að koma henni fyrir og tekur það mun lengri tíma. Þær dælur eru einnig orðnar gamlar og oft erfiðar í gangsetningu.

Með þessari dælu þyrfti að huga að brunaviðvörðunarkerfi fyrir útihúsin á sveitabæjum til þess að gera vart við eld ef upp kemur. Þar er einkum horft til reyksogskerfa sem reynst hafa mjög vel í útihúsum.

## Tæknilegar upplýsingar

### Dæla

MT-300

Þrýstingur (max)	30 bar
Tengi inn og út	40mm
Snúa. hraði (max)	700 rpm
Afl	10 Hö /7,5 kW
Afkastageta (max)	300 l/mín
Stærð	24*28*25 mm
Þyngd	21 kg.



### Háþrýstislanga

Stærð	1"
Lengd	3*30 m (samtals 90m)



### Stútur

Protek 360	
Háþrýstistútur	Max 40 bör
Inntak	1"
Afköst (stillanlegur)	19-37-90-150 l/mín



## Myndir frá prófun



Mesta kastlengd  
20 metrar



## Auðvelt að stilla stútinn



**Davíð Rúnar**  
**Slökkviliðsstjóri Vesturbyggð og Tálknafirði**